

69

2. júlí

AUGLÝSING

um samkomulag milli Íslands og Bandaríkja Ameríku um vegabréfsáritanir.

Með orðsendingu, dags. 4. júní 1956, var gert samkomulag milli Íslands og Bandaríkja Ameríku um að almennar vegabréfsáritanir skuli frá 1. ágúst 1956 gefnar út til fjögurra ára í einu.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 2. júlí 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

Stjórnartíðindi 1956, A. 12.

70

21. sept.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingar heilsuspillandi íbúða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að störf húsnæðismálastjórnar hafi reynzt miklu umfangsmeiri en gert hafi verið ráð fyrir í upphafi. Auk þess hafi húsnæðismálastjórn nýlega verið falið umfangsmikið verkefni, þ. e. að hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 63 21. ágúst 1956, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum. Það berir því brýna nauðsyn til þess, að breyta nú þegar lögum nr. 55 20. maí 1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða á þann veg, að tilnefna skuli þrjá menn úr húsnæðismálastjórn til þess að annast allar framkvæmdir á vegum hennar, eftir nánari ákvæðum í reglugerð, en jafnframt verði fjölgað um tvo menn í húsnæðismálastjórn.

Með skírskotun til framanritaðs eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

3. mgr. 1. gr. laga nr. 55/1955 hljóði þannig:

Í húsnæðismálastjórn skulu vera sjö menn, valdir af ráðherra, þar af einn eftir tilnefningu Landsbanka Íslands. Jafnmargir varamenn skulu valdir og einn þeirra eftir tilnefningu Landsbanka Íslands. Ráðherra tilnefnir þrjá menn úr húsnæðismálastjórn til þess að hafa á hendi stjórn allra framkvæmda á vegum hennar eftir nánari fyrirmælum í reglugerð. Að öðru leyti skiptir húsnæðismálastjórn með sér störfum.

2. gr.

Ráðherra velur nú þegar tvo menn, sem eiga skulu sæti í húsnæðismálastjórn, ásamt þeim fimm mönnum, sem nú eiga þar sæti.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

70

21. sept.

Gjört í Reykjavík, 21. september 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

Stjórnartíðindi 1956, A. 13.

BRÁÐABIRGÐALÖG

71

28. sept.

um breytingu á lögum nr. 88 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýn nauðsyn beri til að breyta nú þegar lögum nr. 88 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., á þann veg, að stjórn innflutningsskrifstofunnar verði skipuð fjórum mönnum í stað tveggja áður.

Með skírskotun til framanritaðs eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

2. mgr. 5. gr. laga nr. 88/1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., hljóði þannig:

Ríkisstjórnin skipar 4 manna stjórn innflutningsskrifstofunnar til að annast þau störf, sem skrifstofunni eru falin með lögum þessum. Stjórn skrifstofunnar ræður starfsfólk hennar, en tala starfsfólks og kostnaðaráætlun skal háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 28. september 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Lúðvík Jósefsson.